

Ed.

665. Frumvarp til laga

[222. mál]

um fjölbýlishús.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 460 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Í skiptayfirlýsingu skal greina, svo ekki verði um villst:

- a) Hvar hver íbúð er. Gefa skal það til kynna með götunafni, húsnúmeri, á hvaða hæð íbúð er og sérstakri merkingu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins.
- b) Stærð hvernar íbúðar og hvað henni fylgir sérstaklega.
- c) Hver sé hlutfallstala hvernar íbúðar, hafi hún verið ákveðin, sbr. 2. mgr. 8. gr.
- d) Hvort íbúð fylgir réttur til bílskúrs eða bílstæðis.

Hverri skiptayfirlýsingu skal fylgja teikning yfir hverja hæð fjölbýlishúss þar sem sýnd er stærð og merking hvernar íbúðar um sig og hvað henni fylgir sérstaklega. Sveitarstjórn skal staðfesta, að þessar upplýsingar séu réttar.

17. gr. hljóðar svo:

Gerir eigandi eða annar íbúi húss sig sekan um gróf eða ítrekuð brot á skyldum sínum gagnvart húsfélaginu eða einhverjum félagsmanni þess getur húsfélagið eftir a. m. k. eina skriflega aðvörun krafist að hann flytji úr íbúð sinni með eins mánaðar fyrirvara.